

# Fundur í fagráði nautgriparæktar 25. september 2020

## Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 25. september 2020 og hófst kl. 09.15.

**Mættir:** Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Andri Már Sigurðsson, Björn S. Gunnarsson, Egill Gunnarsson, Margrét Gísladóttir, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat og nautaskrá
3. Sæðingagjöld og þátttaka í sæðingum
4. Önnur mál

#### 1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar. Egill Gunnarsson var sérstaklega boðinn velkominn en hann hefur tekið við af Hafþóri Finnbogasyni sem áheyrnarfulltrúi Lbhí. Fundargerð síðasta fundar, dags. 16. júlí 2020, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

#### 2. Nýtt kynbótamat og nautaskrá.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats í september en keyrt var nýtt mat fyrir afurðir og frumutölu. Þau reyndu naut sem verið hafa í notkun standa vel við fyrri dóm og þær breytingar sem urðu eru nánast allar til hækkunar. Hann sagði jafnframt að til seinni hluta 2015 árgangsins væri ekki hægt að taka afstöðu þar sem enn vantar upplýsingar úr mjáltaathugun fyrir flest nautin.

Ákveðið að setja Flóða 15047 í notkun. Önnur naut sem eftir er að dæma úr 2015 árgangnum bíða upplýsinga um fleiri dætur. Sjarmi 12090, Jörfi 13011, Hálfmáni 13022, Bárður 13027 og Ýmir 13051 verða ekki í nautaskrá þar sem sæði úr þeim er ýmist búið eða að klárast. Samtals verða því 17 naut í nautaskrá sem gefa á út í október.

Nautsfeður verða áfram Pipar 12007, Hæll 14008, Kláus 14031 og Risi 15014.

#### 3. Sæðingagjöld og þátttaka í sæðingum.

Guðmundur fór yfir sæðingagjöld og þátttöku í sæðingum. Mikill munur er á sæðingagjöldum milli svæða en þátttaka í sæðingum er góð nema hvað kvígur snertir, þar er notkun sæðinga afleit. Töluverðar umræður um sæðingagjöldin og leiðir til að minnka þennan mun ásamt því hvort og þá hvernig hægt er að örva kvígusæðingar.

Ákveðið að senda eftirfarandi ályktun til LK þar sem hvatt er til jöfnunar á sæðingakostnaði.

*„Fagråd í nautgriparækt hefur farið yfir sæðingagjöld og kostnaði bænda við kúasæðingar á landinu öllu. Ljóst er að verulegur munur er á sæðingagjöldum eftir svæðum og er munur á lægstu og hæstu gjöldum ríflega 250%. Fagråd hvetur Landssamband kúabænda til þess að leita leiða til þess að jafna*

*þann kostnað og aðstöðumun sem er á milli bænda eftir því hvar á landinu þeir búa. Fagráð hvetur jafnframt til aukinnar samvinnu og samstarfs svæða á milli megi það verða til þess að minnka þennan mun."*

#### 4. Önnur mál.

Margrét sagði frá því að framkvæmdanefnd búvörusamninga hefði samþykkt að ráðstafa fjármunum í verkefnið um erfðamengisúrvalið. Þá sagði hún frá því að Matvælastofnun hefði lýst áhuga á því að funda með LK og fagráði einu sinni á ári um ákveðin málefni búgreinarinnar.

Fagráð fagnar því að fjármunir hafi fengist í verkefnið og því að útlit er fyrir að fjármögnun innleiðingar þess hafi verið tryggð. Nokkur umræða um erfðamengisúrvalið, næstu skref og rekstrarfjármögnun kynbótastarfsins til lengri tíma litið. Fyrir liggur að aukna fjármuni þarf til kynbótastarfsins og þróunar þess svo viðhalda megi arfgerðarupplýsingum kúastofnsins og tryggja að ávallt sé verið að nýta bestu mögulegu aðferðir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson  
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson  
(sign.)

Andri Már Sigurðsson  
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir  
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson  
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson  
(sign.)

Egill Gunnarsson  
(sign.)

Margrét Gísladóttir  
(sign.)

Björn S. Gunnarsson  
(sign.)

#### Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 16. júlí 2020
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í september 2020
3. Minnisblað um sæðingagjöld og þátttöku í sæðingum